



FLE fréttir

26. ágúst 2025

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 4 / 2025



Kæru félagsmenn,

Við á skrifstofunni vonum að þið hafið haft það gott í sumar. Eins og við vitum hefst nú törn enda þarf að klára ársreikninga og skila þeim til ársreikningaskrár áður en sektir leggjast á, sjá nánar frétt frá því í vor um skilafresti en hana er að finna [hér](#) á heimasíðunni okkar og [frétt](#) um skil á ársreikningum og framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo.

Fyrst við erum byrjuð að ræða heimasíðuna þá má geta þess að í haust mun ný heimasíða líta dagsins ljós enda er núverandi síða barn síns tíma. Auk þess sem útlit og viðmót mun breytast verður nýja heimasíðan farsímavæn sem er mjög til bóta.

Námskeiðshald hófst að nýju eftir sumarfrí nú í ágúst með góðu og gagnlegu námskeiði um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Námskeiðið var mjög vel sótt. Glærur af námskeiðinu má nálgast [hér](#).

Það eru nokkrir viðburðir fram undan. Næst á dagskrá er hið árlega námskeið um yfirferð löggildingarprófa sem haldið verður 9. september og er hægt að skrá sig til leiks [hér](#). Daginn eftir er svo komið að öðru árlegu námskeiði en það er námskeið um niðurstöður gæðaeftirlits. Hægt er að skrá sig á það námskeið [hér](#).

Við viljum vekja athygli á því að félagsmenn FLE fá nú 20% fastan afslátt af Under Armour vörum og 15% afslátt af Mizuno vörum í íþróttavöruverslunum Altis (Bæjarhrauni 8 í Hafnarfirði) og Under Armour (Kringlunni), sjá vöruúrval á [altis.is](#). Til að sanna á ykkur deili og fá afslátt notið þið bara símann til að fletta ykkur upp í félagatalinu á heimasíðunni okkar.

Talandi um félagatal ... við minnum á að þó að félagsmenn eldist vel eru sumar myndirnar í félagatalinu orðnar mjög gamlar og það er sjálfsagt að senda okkur nýja mynd ef þið viljið. Jafnframt minnum við félagsmenn á að láta okkur vita (fle@fle.is) ef þeir skipta um vinnustað svo við getum uppfært upplýsingar um viðkomandi í félagatalinu.

Við hvetjum ykkur til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum fyrir fréttir og fróðleik og kunnum við jafnframt vel að meta þegar fréttum frá okkur er deilt áfram á samfélagsmiðlum. Sjá [Facebook](#), [LinkedIn](#) og [Instagram](#).

Bestu kveðjur,

Unnar og Sirrý

Ársfundur norrænu endurskoðendasamtakanna

Ársfundur NRF, norrænu endurskoðendasamtakanna, var haldinn í Kaupmannahöfn um miðjan ágúst. Fundurinn einkenndist af öflugum umræðum um framtíðaráskoranir og tækifæri í endurskoðunarstéttinni. Fjögur meginþemu voru sérstaklega áberandi: gervigreind, sjálfbærni, eignarhald og fjárfestingar í endurskoðunarfyrirtækjum og loks hlutverk fagfélaga í þeirri umbreytingu sem nú á sér stað, sjá nánar [hér](#).

Einkafjárfestingarfélög láta til sín taka

Eins og segir hér að framan voru eignarhald og fjárfestingar í endurskoðunarfyrirtækjum eitt af því sem rætt var á ársfundi NRF. Á heimasíðu okkar er að finna [frétt](#) um það mál en á síðustu árum hefur fjárfestingum einkafjárfestingarfélaga (e. private equity firms) í félögum í Evrópu sem veita þjónustu á sviði bókhalds, launavinnslu, reikningsskila og endurskoðunar fjölgað hratt.

Samkeppniseftirlitið og gæðaeftirlit

Í þessari [frétt](#) á heimasíðu okkar er að finna umfjöllun um [frétt](#) sem Samkeppniseftirlitið birti í sumar ásamt [áliti](#) varðandi framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Með álitinu beinir Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til stjórnvalda að breyta núverandi framkvæmd á eftirlitinu, en á meðan sú endurskoðun stendur yfir að sporna gegn því að eftirlitið sé í höndum beinna keppinauta þeirra aðila sem sæta eftirliti hverju sinni. Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér [álitið](#) og [frétt](#) Samkeppniseftirlitsins.

Í samtölum okkar við endurskoðendaráð hefur komið fram að gæðaeftirlit mun verða með hefðbundum hætti nú í haust en að við framkvæmd þess verði eftir fremsta megni reynt að taka tillit til framangreindra tilmæla Samkeppniseftirlitsins.

Skýrsla um störf endurskoðendaráðs á árinu 2024

Á [heimasíðu](#) endurskoðendaráðs er að finna [skýrslu](#) um störf ráðsins á árinu 2024, samanber líka [frétt](#) á heimasíðu okkar. Í skýrslunni er fjallað um verksvið ráðsins sbr. VIII. kafla [laga nr. 94/2019](#), gæðaeftirlit, endurmenntun, starfsábyrgðartryggingar og margt fleira. Jafnframt er í skýrslunni að finna nokkuð ítarlega umfjöllun vegna áritunar ríkisendurskoðanda á ársreikninga Isavia ohf., Íslandspóstis ohf. og Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. en sem kunnugt er hefur ríkisendurskoðandi ekki fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa. Í umfjölluninni kemur m.a. fram að endurskoðendaráð telji að skylt sé lögum samkvæmt að endurskoðun á ársreikningum framangreindra fyrirtækja sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda og að í júní 2024 hafi endurskoðendaráð vísað meintum brotum ríkisendurskoðanda til lögreglu til opinberrar rannsóknar.

Í þessu sambandi má minna á [frétt](#) á heimasíðu og [fréttabréf](#) frá því í vor þar sem fram kom að þann 20. maí sendi FLE Atvinnuvegaráðuneytinu bréf, ásamt [lögfræðialiti](#) sem FLE lét vinna, þar sem farið

var á leit við ráðuneytið að það ógilti þá ákvörðun ársreikningaskrár að færa ársreikning og samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2024 á skrá og til opinberrar birtingar og að í apríl ákvað félagið að senda eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formlega beiðni um að taka þetta mál fyrir enda varðar það innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins í íslenskan rétt. Við bíðum enn svara frá ráðuneytinu og ESA.

Grein um aðrar staðfestingar

Á heimasíðunni er að finna góða og ítarlega [grein](#) eftir Margreti G. Flóvenz um *aðrar staðfestingar* sem við hvetjum félagsmenn til að lesa. Félagið vinnur nú að gerð fyrirmyndar um áritun endurskoðanda sem tengist þess háttar verkefnum en eins og fram kemur í greininni hafa endurskoðendur í gegnum tíðina verið beðnir um að staðfesta margs konar upplýsingar og mælingar.

Skil á ársreikningum og framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo

Nú þegar líður að hausti er ekki úr vegi að minna aftur á bréf frá ársreikningaskrá um skil á ársreikningum og stjórnvaldssektir, sjá nánar í [frétt á heimasíðu okkar](#). Eins og þar kemur fram mun ársreikningaskrá taka út lista yfir þau félög sem ekki hafa skilað ársreikningi fyrir miðnætti þriðjudaginn 30. september 2025 og að álagning sekta byggist á þeim lista.

Eins og kunnugt er þá hefur Creditinfo árum saman veitt viðurkenningu sem nefnist *framúrskarandi fyrirtæki*. Til að geta hlotið þá viðurkenningu þarf að uppfylla ýmis skilyrði, sjá nánar [hér](#). Eitt skilyrðanna varðar skil á ársreikningum. Við á skrifstofunni höfðum samband við Creditinfo og fengum þær upplýsingar að Creditinfo muni miða við sömu skiladagsetningu og fram kemur að ofan. Því þurfa félög að hafa skilað ársreikningi til ársreikningaskrár fyrir miðnætti 30. september til að eiga möguleika á að komast á lista Creditinfo yfir *framúrskarandi fyrirtæki* sjá nánar [hér](#).

Skil á ársreikningum sjóða og stofnana

[Hér](#) má finna frétt um skil og skilafrest á ársreikningum sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Löggildingarpróf 2025

Löggildingarpróf verða haldin í október. Sjá nánari umfjöllun [hér](#).

Málstofa um hvernig megi laða að fólk í endurskoðun

Í júní var haldin málstofa í Háskólanum í Rvík. um hvernig megi laða að og halda í nýtt og hæfileikaríkt starfsfólk innan endurskoðunarstéttarinnar. Sjá nánar [hér](#).

Glærur af námskeiðum og ráðstefnum

Glærur af Teams-námskeiðum:

[Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka](#) – 19. ágúst 2025

[Hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil](#) – 5. maí 2025

[Notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun](#) – 7. apríl 2025

[Virðisaukaskattur í viðskiptum milli landa](#) – 19. mars 2025

[Lánshæfismat fyrirtækja](#) – 19. des. 2024

[Fjarvinna milli landa](#) – 3. des. 2024

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár](#) – 14. nóv. 2024

[Erfðafjármál](#) – 17. okt. 2024

Ráðstefnur:

Endurskoðunardagur FLE 2025 – 26. maí 2025. [Glærur](#) af endurskoðunardegi.

Skattadagur – 17. janúar 2025. [Glærur](#) af skattadegi.

Eldri fréttabréf

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).
